



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI

SKÓLASKILABOÐ

APRÍL 2014

Upplestrarkeppni

Stóra upplestrarkeppnin hefur staðið yfir í 7.bekk frá því á degi íslenskra tungu þann 16. nóvember síðast liðinn. Nemendur hafa æft framsögn af miklum móð og tekið miklum framförum. Fyrst var haldinn bekkjarkeppni og svo skóla-keppni. Tvær stúlkur þær Hrefna Svavarsdóttir og Stefanía Salka Þrastardóttir kepptu fyrir hönd skólans í Árbæjarkirkju 6. mars. Stelpurnar stóðu sig vel og þökkum við þeim kærlega fyrir.



Nemendafélagið

FUÁ

Krakkarnir í stjórn nemendafélagsins hafa unnið vel í vetur. Fundað er í hverjum mánuði og nemendafélagið hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum eins og Regnbogadegi og einnig kom hugmyndin að grímugerð á öskudag frá nemendum. Elstu nemendurnir þær Hrefna og Þórunn Birta sitja svo einnig mánaðarlega fundi í skólaráði skólans.

Kardemommubærinn á menningarvöku 7.KG



Nemendur 7.KG bjóða upp á metnaðarfulla skemmtun á menningarvöku nú rétt fyrir páska. Nemendur ásamt kennurum sínum setja upp leikritið Kardemommubærinn auk þess sem þau verða með myndasýningu og fleiri skemmtilegar uppákomur. Veitingarnar útbúa þau í heimilisfræði og sviðsmyndina í myndmenntartímum. Að lokum má geta þess að selt verður inn á sýninguna og allur ágóði rennur til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna til styrktar börnum í Sýrlandi.

Himingeimurinn í 2. ST og 3. GV

Himingeimurinn hefur verið á dagskrá hjá 2. GV og 3. ST undanfarnar vikur. Börnin hafa fræðst um sólina, tunglið og reikistjörnurnar. Geimsmiðju var komið á fót þar sem börnin bjuggu til geimverur og geimför. Allir fara með geimveruna sína í sandleik í námsverið og semja sögu. Leikræn tjáning hefur einnig tengst verkefninu þar sem nemendur í 3. ST sýndu leikrit um himingeiminn á föstudagssamveru. Vinnunni með himingeiminn lýkur með því að nemendur bjóða foreldrum sínum í „geimkaffi“.



Góður námsárangur

Það er ánægjulegt að greina frá því að árangur nemenda í 4. og 7. bekk skólans var einstaklega góður í ár á samræmdum prófum. Nemendur komu vel undirbúnir og lögðu sig mikið fram. Nemendur í 4. BJ héldu upp á árangurinn með því að gera sér dagamun með sparinessi og spilastund og 7. KG fóru í vettvangsferð á Riff smiðju í tilefni þessa góða árangurs.

ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Öskudagur



Á öskudag gerðum við okkur glaðan dag eins og oft áður. Í grunn-skólanum mættu bæði nemendur og starfsfólk í náttfötum. Tveir árgangar unnu saman og farið var á milli stöðva í hringekju. Ekki skemmdi fyrir að það mátti koma með sparinessi í skólann þennan dag. Gleðin hélt svo áfram í skólaseli en nemendur fóru í leiki í salnum og horfðu svo á mynd og mauluðu saltstangir. Í leikskólanum mættu leikskólabörnin í búningum og slógu svo köttinn úr tunnunni við mikinn fögnuð allra viðstaddra.



Útikennsla - rathlaup í skóginum

Verkefnastjórar heilsueflandi skóla og grænfána þær Anna Skúladóttir og Erna Matthíasdóttir standa fyrir rathlaupi í grenndarskógi að loknu páskaleyfi. Nemendur grunnskólans ásamt skólahóp leikskóladeildar takast á við verkefni rathlaupsins og fá einnig að spreyta sig á útiöldun með því að baka sitt eigið brauð í skóginum.



Í leikskóla er gaman

Í leikskólanum okkar er glæsilegur hópur af lífsglöðum, forvitnum og áhugasömum börnum. Þar er alltaf nóg um að vera og mikið líf og fjör. Auk reglulegs hópastarfs þar sem börnin læra í gengum leik, eru elstu árgangarnir m.a. í danskennslu og tónmennt. Skólahópurinn fer reglulega yfir í grunnskólahlutann til að vinna með 1. bekk. Nú þegar vorið er á næsta leiti þá aukum við útveruna og hugum að vorboðunum í umhverfinu, förum í vettvangsferðir og útinám.



Skólasel Ártúnsskóla

Það er alltaf nóg um að vera í Skólaseli. Undanfarið hefur verið boðið upp á fjölbreyttar smiðjur og klúbba. Sem dæmi má nefna bókasafnsklúbb, skáklúbb, íþróttaklúbb auk föndurs og fleira. Svipað starf verður fram að páskaleyfi og með hækkandi sól verður útiveran allsráðandi með skemmtilegum leikjum og spennandi vettvangsferðum.



Heilsueflandi skóli:

lífsleikniþemað árangur


Á vorönn 2014 verður unnið með þemað **ÁRANGUR**. Ýmis sameiginleg verkefni verða unnin sem öll tengjast því að setja sér markmið og ná árangri.

Árangur er eitt af þremur gildisorðum skólans (**árangur, virðing, vellíðan**). Flestir geta verið sammála því að árangur er afar mikilvægur jafnt í skólastarfi sem og í lífinu almennt. Árangur er samofinn skólastarfi og því sem skólinn stendur fyrir. Markmið skólans er að nemendur hans nái árangri á sem flestum sviðum þar sem velferð og þroski hvers einstaklings er að miklu leyti tengdur því að ná árangri.



Páskaleyfi nemenda grunnskólans hefst mánudaginn 14. apríl. Skólahald hefst á ný þriðjudaginn 22. apríl samkvæmt stundaskrá. **Skólasel** er opið dagana 14. - 16. apríl fyrir þá sem eru þar sérstaklega skráðir.

Leikskólinn er lokaður dagana 17. - 21. apríl.



ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN